

## AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018,  
breytt landnotkun í Sveitarfélaginu Garði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 5. nóvember 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingin tekur til syðsta hluta sveitarfélagsins sem liggur að mörkum Sandgerðisbæjar og Reykjanesbæjar og fellur að hluta til undir öryggissvæði vegna flugumferðar um Keflavíkurflugvöll. Svæðið breytist annars vegar úr óbyggðu svæði í athafnasvæði (3 aðgreind svæði en skilgreind sem 4 svæði) og hins vegar í svæði fyrir verslun og þjónustu (2 svæði). Jafnframt er gert er ráð fyrir jarðstreng fyrir raforku til Helguvíkur. Lega þjóðvegur og gatnamóta (Rósaselstorg) breytist og bætt er við nýjum veltengingum inn á framangreind svæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. nóvember 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 20. nóvember 2009